

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja ehf.
Berghólabraut 7
230 Keflavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 13. ágúst 2014
Tilv.: UMH14060075/20-1

Vísað er til erindis yðar frá 23. apríl 2014 þar sem Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. sækir um áframhaldandi tímabundna undanþágu frá starfsleyfi á geymslu spilliefna á lóð fyrirtækisins. Í erindinu kemur fram að ráðherra hafi veitt tímabundna undanþágu frá grein 2.7 í starfsleyfi fyrirtækisins þann 17. júlí 2013.

Í 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr laganna. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. a. og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindið yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar, með afriti á Heilbrigðisnefnd Suðurnesja.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 9. júlí 2014 segir að í umsókn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. um fyrri undanþágu, sem veitt var 17. júlí 2013, hafi komið fram að sett hafi verið í gang verkefni til að kanna hagkvæmni áframhaldandi rekstrar og því væri eðlilegt að fresta kostnaðarsömum framkvæmdum sem varða reksturinn. Í umsókninni nú komi fram að enn hafi ekki unnist tími til að ákveða hvernig fyrirkomulag við geymslu spilliefna verði háttáð til framtíðar, m.a. vegna anna við að koma uppsafnaðri flugösku til ráðstöfunar. Fram komi í umsögn Umhverfisstofnunar að stofnunin hafi skilning á að ekki hafi gefist tækifæri til að ákveða endanlega hvernig geymslu spilliefna hjá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. verði háttáð til framtíðar. Stofnunin veki athygli á að skammt sé eftir af gildistíma núgildandi starfsleyfis stöðvarinna. Núgildandi starfsleyfi gildi til 1. febrúar 2016 og því þurfi Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. að huga að umsókn um nýtt starfsleyfi ef ætlunin sé að halda rekstrinum áfram. Áður en sótt verði um nýtt starfsleyfi sé eðlilegt að rekstraraðili fari yfir og meti reksturinn í heild sinni og hvernig honum verði háttáð til framtíðar, þ.m.t. geymslu og annarri meðhöndlun spilliefna. Frá því að ráðherra veitti fyrrnefnda undanþágu frá starfsleyfi 17. júlí 2013 hafi Umhverfisstofnun farið í tvær reglubundnar eftirlitsferðir til Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. Í þessum eftirlitsferðum hafi aðbúnaður við geymslu spilliefna reynst fullnægjandi og því hafi ekki verið ástæða til að gera athugasemdir eða skrá frávik. Í ljósi framangreinds geri Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við að Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. verði veitt tímabundin undanþága frá grein 2.7 í starfsleyfi fyrirtækisins til geymslu spilliefna utandyra. Í erindi sínu sækir Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. um undanþágu til ársloka 2015 en Umhverfisstofnun leggi til að gildistíminn verði út gildistíma núverandi starfsleyfis.


Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar og í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 2. ml. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs veitir ráðuneytið hér með tímabundna undanþágu frá ákvæði 2.7 í starfsleyfi Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf., Helguvík, Reykjanesbæ, sem gefið var út af Umhverfisstofnun 12. júlí 2006. Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Spilliefni skulu geymd í lokuðum körum eða gámum með tvöföldum botni sem varna því að spilliefni leki niður á plan.
2. Gámar og lokuð kör skulu geymd á malbikuðu plani þar sem fráveita er leidd í olúskilju eða lokaða þró.

Undanþága þessi gildir til 1. febrúar 2016.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Laufey Helga Guðmundsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Suðurnesja